

## Fræðsluferðir vinnuskóla til SORPU 2009

# Áhrif neyslumenningar nútímans á umhverfið

### Umhverfisfræðsla í Álfsnesi

Í júní og júlí mun SORPA bjóða vinnuskólum á höfuðborgarsvæðinu upp á umhverfisfræðslu í Álfsnesi. Fræðslan tekur um 2 klukkustundir og er tekið á móti allt að 40 nemendum í einu. Í fræðslunni verður lögð áhersla á að fá unglingana til þess að upplifa sig í samhengi við náttúruna og sem hluta af stóru vistkerfi. Markmiðið er að fá nemendur til þess að vera meðvitaða um eigin neysluvenjur og vekja þá til umhugsunar um að allt sem við gerum hefur áhrif, hversu smátt sem það er. Enginn kostnaður er vegna fræðslunnar en skólarnir þurfa sjálfir að útvega rútu sem þarf að vera til staðar á meðan á fræðslunni stendur. *Athugið að það er mikilvægt að það sé hljóðnemi í rúttunni.*

Við getum tekið á móti tveimur hópum á dag á tímabilinu 9.00 til 12.00 og 13.00 til 16.00.

### Tilhögun fræðslunnar

#### Rútuferð í Álfsnes, urðunarstaður SORPU

Nemendur koma ásamt leiðbeinendum í rútu í Álfsnes. Þar tekur fræðslufulltrúi á móti þeim og kynnir stuttlega starfsemi SORPU. Álfsnes er staðsett rétt norðan við Mosfellsbæ, um 20 km frá Gufunesi. Sjá kort á síðu 2.

Við byrjum á að fara í skoðunarferð um svæðið þar sem urðunarstaðurinn, metangasvinnslan og moltugerð úr garðaúrgangi verða kynnt nemendum.



#### Hvernig getum við sóað minna og farið betur með náttúruna?

Í Álfsnesi hefur SORPA mjög góða aðstöðu til móttöku hópa. Þar hefur gamalli hlöðu og fjósi verið breytt í þessum tilgangi og þar eru sæti fyrir um 40 manns.

Við munum fjalla í máli og myndum um breytingar á neyslumynstri Íslendinga á tuttugustu öldinni og um áhrif einstaklingsins á umhverfið.



Helstu áherslublættir eru:

- Umbúðaaukning – umbúðir fyrr og nú.
- Endurnýting, endurvinnsla og endurnotkun.
- Spilliefni – efnanotkun.
- Skiptir það máli fyrir umhverfið ef ég gleymi verkfærum í beðum eða ef þau eyðileggjast að óþörfu?



Leitast verður við að fá nemendur til þess að setja sjálfa sig í samhengi við umhverfi sitt, sjá sig sem hlekk í stórri keðju. Við skiptum öll máli og við getum haft áhrif til góðs með því að vera meðvituð um neysluvenjur okkar. Fræðslan verður ekki bara á alvarlegu nótunum því við munum fara í ýmsa leiki sem tengjast málefninu.

Það er von okkar hjá SORPU að stjórnendur vinnuskólanna sjái ofangreinda fræðslu sem verðugan kost í fræðslustarfi skólanna.

### Áhugasamir hafi samband við

Eva Dögg Þorgeirsdóttir,  
kynningar- og fræðslufulltrúa  
Sími: 520 2200  
Netfang: [evadogg.th@sorpa.is](mailto:evadogg.th@sorpa.is)

